

Heilsustofnun Náttúrulækningafélags Íslands (HNLFI), kt. 480269-6919, Grænumörk 10, Hveragerði, sem þjónustusali og [xxxxxxxxxx] (hér eftir nefndur íbúi eða kaupandi), gera með sér svofelldan:

Þjónustusamningur:

1. Gildissvið o.fl.

- 1.1. Samningur þessi tekur til þjónustu HNLFI við íbúa þjónustuíbúða sem ÍAV reisir á lóð NLFÍ í Hveragerði og kaupandi hefur fest kaup á. HNLFI tekur að sér að annast og/eða veita, eftir atvikum nánar skilgreinda þjónustu fyrir íbúa þeirra íbúða sem reistar eru. Veitt grunnþjónusta sbr. 2.gr. er innifalin í mánaðarlegu þjónustugjaldi skv. 3. gr. að undanskyldu sérútkalli úr vaktherbergi hjúkrunarvaktar HNLFI sbr. 2.1.1. sem og sérstakri þjónustu skv. 4. gr.
- 1.2. Samningurinn er ótímabundin og er ekki uppsegjanlegur nema með samþykki HNLFI. Við síðari eigendaskipti er skilyrði, skv. þinglýstri kvöð á þeirri eign sem keypt er, að nýr eigandi gerist sjálfkrafa aðili að þjónustusamningnum og tekur yfir öll réttindi og skyldur. Þjónustusamningurinn skal rækilega kynntur nýjum eiganda og skal honum sérstaklega gerð grein fyrir hvað í honum felst sbr. þinglýsta kvöð þar um.

2. Veitt grunnþjónusta

- 2.1 HNLFI tekur að sér að veita eftirfarandi grunnþjónustu við íbúa. Aðgangur að þjónustunni takmarkast við eigendur og íbúa húsanna en gildir ekki fyrir aðra, svo sem gesti. Fyrir grunnþjónustu er greitt skv. gr. 3 í samningi þessum:
 - 2.1.1. *Öryggishnappur:* Í íbúðinni er öryggishnappur til nota fyrir íbúa. Hnapparnir verða tengdir við hjúkrunarvakt HNLFI með sérstöku öryggiskerfi. Í kerfinu skal m.a. vera beintengdur sími með hátalara og hljóðnema þannig að vaktfólk geti rætt við íbúa með öruggum og áreiðanlegum hætti í síma. Hnappar og símar skulu vera þannig staðsettir að þeir tryggji öryggi íbúa sem best. Vöktun kerfisins og svörun verður í umsjón starfsfólks HNLFI sem veita mun íbúum aðstoð í gegnum síma, veita almennar ráðleggingar, kalla til vakthafandi lækni á heilsugæslustöð o.sfrv. Krefjist aðstæður þess að fara verði á staðinn eða gera ráðstafanir aðrar en hægt er að gera úr vaktherbergi hjúkrunarvaktar HNLFI greiða íbúar sérstaklega fyrir þau útköll skv. gjaldskrá.
 - 2.1.2. *Eftirlit næturvarðar:* HNLFI annast næturvörslu. Í næturvörslu felst að farnar eru þrjár eftirlitsferðir um svæðið að nóttu.
 - 2.1.3. *Brunaviðvörðunarkerfi:* Í íbúðunum eru reykskynjarar tengdir brunastöð HNLFI og er staðsett í vaktherbergi hjúkrunar.
 - 2.1.4. *Aðgangur að baðhúsi HNLFI:* Íbúar fá aðgang að baðhúsi HNLFI á auglýstum opnunartímum. Til baðhúss teljast inni- og útisundlaug, inni- og útigufuböð, víxlböð og heitir pottar. Meðferðartímar sjúklinga stofnunarinnar eru lokaðir en íbúar geta valið að kaupa sérstaka hoptíma í laug, sbr. 4.1.4. Íbúar sækja baðhúsið á eigin ábyrgð.
 - 2.1.5. *Aðgangur að tækjasal HNLFI:* Íbúar fá aðgang að tækjasal HNLFI á auglýstum opnunartímum stofnunarinnar. Farið skal eftir reglum og leiðbeiningum um notkun hans.

- 2.1.6. *Viðtöl við íþróttfræðinga:* Íbúar fá viðtöl við íþróttfræðinga á sex mánaða fresti auk þess að hafa aðgang að íþróttfræðingi á auglýstum opnunartímum. Íþróttfræðingar veita aðstoð við þjálfun í tækjasal og almenna ráðgjöf. Í fyrsta viðtali fá íbúar æfingaáætlun og kennslu á tæki..
- 2.1.7. *Aðgangur að bókasafni HNLFI:* Íbúar geta á opnunartíma bókasafns notað bókasafn HNLFI.
- 2.1.8. *Viðtöl við næringarráðgjafa:* Íbúar fá viðtal við næringarráðgjafa HNLFI á sex mánaða fresti vegna næringarráðgjafar, fasts eftirlits og frekari ráðgjafar.
- 2.1.9. *Heilsuþöð/leirþöð og partanudd:* Hver íbúi fær á almanaksárinu, sex heilsuþöð eða leirþöð eftir vali og eitt partanudd í mánuði. Meðferðin er í boði á hefðbundnum meðferðartíma stofnunarinnar.
- 2.1.10. *Aðgangur að innra starfi og fræðslu HNLFI:* Íbúum er opinn aðgangur að öllum félagslegum þáttum innra starfs HNLFI og allri fræðslu.
- 2.1.11. *Hirðing lóða:* HNLFI sér um slátt og hirðingu allra grassvæða svo og hirðingu lóða á tveggja vikna fresti við húsin á tímabilinu júní til október. Yfir vetrartímamann er gert ráð fyrir að lauf sé hreinsað burt eftir að lauf eru fallin og fokrusl hreinsað a.m.k. einu sinni hvern mánuð. HNLFI sér um snjómokstur á göngustígum að útidyrum húsanna.

3. Endurgjald.

Endurgjald fyrir grunnþjónustu: Fyrir þá grunnþjónustu sem tilgreind er í 2. grein hér að framan skal greiða kr. 27.553,- á mánuði fyrir hverja íbúð, svo fremi sem íbúar eru tveir eða fleiri. Sé einn íbúi, er fjárhæðin kr. 18.807,- á mánuði. Breytingar á fjölda íbúa hafa í för með sér hækkun eða lækkun leigufjárhæðarinnar, sbr. hér að ofan. Fjárhæðirnar breytast mánaðarlega í samræmi við vísitölu neysliverðs og miðast við grunnvísitölu apríl mánaðar 2007, 268,7 stig. Greiðsla hefst við afhendingu íbúðarinnar og greiðist mánaðarlega fyrirfram. Umsaminn er 50% afsláttur af mánaðarlegu þjónustugjaldi, fyrir kaupendur, milli ÍAV og HNLFI, til næstu 5 ára frá gildistöku þessa þjónustusamnings.

4. Önnur þjónusta gegn endurgjaldi.

- 4.1. Íbúum stendur til boða eftirgreind þjónusta gegn 33% afsláttargjaldi frá gjaldskrá HNLFI. Afsláttur gildir eingöngu fyrir íbúa:
- 4.1.1. *Aðgangur að matsal:* Íbúar geta keypt mat í matsal HNLFI á opnunartímum.
- 4.1.2. *Aðgangur að leirþöðum, heilsuþöðum o.fl.:* Íbúum býðst aðgangur að annarri þjónustu s.s. leirþöðum, heilsuþöðum, og nuddi umfram það sem greint er frá í 2.1.9.
- 4.1.3. *Sjúkraþjálfun:* Íbúum býðst einstaklingsmeðferðir hjá sjúkraþjálfurum skv. tilvísun.
- 4.1.4. *Hóptímar:* Íbúum býðst að kaupa sérstaka hóptíma í leikfimi, sundleikfimi, hugleiðslu eða fræðslu sem og í öðrum meðferðum sem í boði eru á hverjum tíma. Fjöldi íbúa í hverjum hópi og fjöldi tíma er skv. nánara samkomulagi.
- 4.2. Íbúum stendur til boða eftirgreind þjónusta skv. gjaldskrá HNLFI:
- 4.2.1. *Lóðaumhirða og snjómokstur:* Íbúar geta fengið lóðaumhirðu og snjómokstur, umfram það sem greint er frá í 2.1.11.
- 4.2.2. *Ræsting og þvottur:* Íbúar geta keypt af HNLFI ræstingu á íbúðum sínum og sameign. Þá stendur íbúum til boða að láta HNLFI annast þvott á fatnaði, rúmfatnaði, handklæðum o.s.frv.

- 4.2.3. *Heimsending máltíða:* Íbúar geta fengið sendan mat frá matsal HNLFÍ á morgunverðar-, kaffi/te- og matsmálstímum.
- 4.2.4. *Önnur þjónusta:* Íbúar hafa aðgang að snyrtistofu, hárgreiðslustofu og heilsuverslun á auglýstum opnunartímum.

ÞJÓNUSTUSAMNINGI ÞESSUM SKAL ÞINGLÝST Á LÆKJARBRÚN NR. _____ FNR. _____. GERT ER RÁÐ FYRIR AÐ HANS SÉ GETIÐ SÉRSTAKLEGA Á VEDBÓKARVOTTORÐI ÁSAMT ÞINGLÝSTRI KVÖÐ UM SKILYRÐI FYRIR EIGENDASKIPTUM, EN ÞAR KEMUR MEÐAL ANNARS FRAM AÐ VIÐ EIGENDASKIPTI FASTEIGNARINNAR YFIRTEKUR NÝR EIGANDI SJÁLFKRAFA RÉTTINDI OG SKYLDUR AÐ ÞJÓNUSTUSAMNINGI ÞESSUM Í STAÐ FYRRI EIGANDA.

HNLFÍ varðveitir þinglýst frumrit sammings þessa.

Hveragerði,

F.h. HNLFÍ

Kaupandi

Vottar:
